

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR 2022

Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands var haldinn á Hótel Hamri í Borgarbyggð miðvikudaginn 16. mars 2021 kl. 11:15.

Mætt voru:

Fulltrúar aðildarsveitarfélaga og eftirtaldir kjörmenn:

Akranes: Ragnar B. Sæmundsson
Borgarbyggð: Lilja Björg Ágústsdóttir
Dalabyggð: Eyjólfur I. Bjarnason
Eyja- og Miklaholtshreppur: Forföll
Grundarfjörður: Jósef Ó. Kjartansson
Helgafellssveit, Sif Matthíasdóttir
Hvalfjarðarsveit: Linda Pálsdóttir
Kjósarhreppur: Regína Hansen Guðbjörnsdóttir
Skorradalshreppur: Ástríður Guðmundsdóttir
Snæfellsbær: Björn B. Hilmarsson
Stykkishólmur: Jakob B. Jakobsson

Frá heilbrigðisnefnd:

Auður Kjartansdóttir, varaformaður
Karitas Jónsdóttir, formaður boðaði forföll.

Auður Kjartansdóttir setti fundinn og bauð fundargesti velkomna og stakk hann upp á Hrefnu B. Jónsdóttur sem fundarstjóra og var það samþykkt. Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Vesturlands ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar Heilbrigðisnefndar Vesturlands 2021.

Auður Kjartansdóttir flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2021. Rekstur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands gekk með ágætum árið 2021. Stjórn hélt 8 fjarfundi á árinu auk eigenda og aðalfundar. Með gildistöku um sameiningu eftirlitssvæða færðist Kjósarhreppur undir eftirlit Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Gengið var frá fastráðningu Þorsteins Narfasonar í árslok. Áherslur í rekstri hafa verið á stöðugleika og að auka umsvif eftirlitsins með lögbundnum skyldum. Samþykkt var í fjárhagsáætlun 2022 að ráða nýjan heilbrigðisfulltrúa frá næsta sumri, en á næstu misserum þarf að fjölga starfsfólki enn frekar til að veita öllum lögbundna þjónustu.

2. Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2021

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu tölur í ársuppgjöri 2021.

3. Umræður um skýrslu Heilbrigðisnefndar heilbrigðiseftirlits og ársreikning 2021.

Umræður voru um skýrslu stjórnar og ársreikning og var Ársreikningur því næst samþykktur samhljóða.

Ársreikningurinn er aðgengilegur á vef eftirlitsins www.hev.is.



4. **Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2021.**

Þorsteinn Narfason kynnti drög að ársskýrslu ársins 2021 og svaraði fyrirspurnum um reksturinn. Skýrslan verður aðgengileg á vef eftirlitsins þegar hún verður gefin út í júní.

5. **Kosning Heilbrigðisnefndar Vesturlands**

Skv. 2.1 gr. samþykktu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands skal heilbrigðisnefnd kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar á aðalfundi eftirlitsins. Fundarstjóri las upp úr samþykktunum og lagði til að kosningu Heilbrigðisnefndar Vesturlands yrði frestað til aukaaðalfundar sem haldinn verður í sumar eftir sveitarstjórnarkosningar. Fundarstjóri óskaði í framhaldinu eftir því að umboð fráfarandi heilbrigðisnefndar verði framlengt til framhaldsaðalfundar..

Tillagan var samþykkt samhljóða

Engin önnur mál voru á dagskrá og þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir góðan fund.

Fundi slitið kl. 12.15.